

Ed.

690. Breytingartillögur

[2. mál]

við frv. til laga um Stjórnarráð Íslands.

Frá Jóni Þorsteinssyni.

1. Við 3. gr. Greinin hljóði svo:
Á ráðherrafundum skal skrá fundagerð. Forsætisráðherra skipar ritara ráðherrafunda úr hópi starfsmanna forsætisráðuneytisins.
2. Við 9. gr. 1. mgr. hljóði svo:
Forseti Íslands úrskurðar eftir tillögum forsætisráðherra, hvaða stjórnarmálefni ber undir ráðuneyti, enda sé þess jafnan gætt, að ráðuneyti lúti málefni, sem eðli sínu samkvæmt eiga þar heima.
3. Við 11. gr. Greinin breytist sem hér segir:
 - a. 2. mgr. falli niður.
 - b. 3. mgr. falli niður.
 - c. 4. mgr. falli niður.
 - d. Í stað „5“ í 6. mgr. komi: 2.
4. Við 12. gr. Greinin hljóði svo:
Starfsdeild ráðuneytis, sbr. 7. gr., stýrir deildarstjóri undir umsjón ráðuneytisstjóra.
Nú er starfsmaður ráðuneytis skipaður deildarstjóri þess ráðuneytis, og þarf þá eigi að gæta ákvæða 5. gr. laga nr. 38/1954.
Ráðherra setur deildarstjórum erindisbréf, þar sem meðal annars skal kveðið á um starfssvið þeirra og starfsskyldur.
5. Við 13. gr. Greinin hljóði svo:
Auk ráðuneytisstjóra og deildarstjóra eru starfsmenn ráðuneyta fulltrúar, bókarar og ritarar eftir ákvörðun ráðherra. Heimilt er þó ráðherra að ráða starfsmenn í ráðuneyti undir öðrum starfsheitum.
6. Við 14. gr. Greinin hljóði svo:
Forseti Íslands veitir embætti ráðuneytisstjóra, ríkisendurskoðanda og hagsýslustjóra. Ráðherra skipar deildarstjóra og aðra starfsmenn ráðuneytis.
7. Við 15. gr. Orðið „hálfra“ falli niður.
8. Við 16. gr. Greinin hljóði svo:
Með úrskurði forseta Íslands má samkvæmt tillögum forsætisráðherra setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.
9. Við 17. gr. 1. mgr. hljóði svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1969.
10. Við ákvæði til bráðabirgða. Ákvæðið hljóði svo:
Þegar lög þessi koma til framkvæmda, skulu þeir embættismenn, sbr. 14. gr., sem eigi hafa hlotið veitingu forseta fyrir embætti sínu, hljóta slíka veitingu.